

**200. fundur hafnarstjórnar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 8. október 2018**  
**og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sigríður Gísladóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Högni Gunnar Pétursson varaformaður.

**Embættismenn:**

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfván Bjarki Hálfvánsson, upplýsingafulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hálfván Bjarki Hálfvánsson, upplýsingafulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Endurskoðun erindisbréfs hafnarstjórnar - 2012110034**

Lagt fram minnisblað Hálfváns Bjarka Hálfvánssonar upplýsingafulltrúa, dags. 4. október 2018, ásamt gildandi erindisbréfi hafnarstjórnar og drögum að nýju erindisbréfi.

*Hafnarstjórn leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki drög að nýju erindisbréfi.*

**2. Hafnasambandsþing 2018 - 2017020060**

Lagt fram bréf Gísla Gíslasonar, stjórnarformanns Hafnasambands Íslands, dags. 5. september um boð á hafnasambandsþing sem haldið verður í Reykjavík dagana 25. og 26. október. Einnig lögð fram til kynningar dagskrá þingsins og yfirlit yfir fjölda fulltrúa frá hverri höfn.

*Hafnarstjórn samþykkir að senda fulltrúa á þingið.*

**3. Framkvæmdir hafna Ísafjarðarbæjar 2019 - 2017030024**

Lagt fram minnisblað hafnarstjóra varðandi framkvæmdir á árinu 2019.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Lenging Sundabakka - 2016090029**

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri gerir grein fyrir fundi sem hann átti með Sigurði Áss Grétarssyni, framkvæmdastjóra siglingasviðs Vegagerðarinnar, föstudaginn 5. október varðandi lengingu Sundabakka.

*Fram kom í máli hafnarstjóra að lenging Sundabakka er komin á 5 ára samgönguáætlun og að óbreyttu ætti að vera hægt að hefja hönnunar- og undirbúningsvinnu strax á næsta ári. Fyrsti áfangi lengingarinnar verði tilbúinn*

*til notkunar árið 2021, gangi áætlanir eftir.*

**5. Gjaldskrár hafna Ísafjarðarbæjar 2019 - 2018030083**

Umræður um gjaldskrár hafna Ísafjarðarbæjar 2019.

*Hafnarstjórn leggur til að gjaldskrár hafna Ísafjarðarbæjar verði hækkaðar eftir verðbólguþá næsta árs og felur hafnarstjóra að leggja uppfærðar gjaldskrár fyrir næsta fund.*

**6. Fundargerð 405. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands - 2017020060**

Lögð fram fundargerð 405. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var 27. ágúst.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Samstarfsyfirlýsing milli Hafnasambandsins og Fiskistofu - 2017020060**

Lögð fram samstarfsyfirlýsing í 5 liðum, dags. 5. september, milli Hafnasambands Íslands og Fiskistofu varðandi framkvæmd vigtunar og eftirlits og framkvæmdar löndunar á hafnarsvæðum.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:55**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

---

Sigríður Gísladóttir

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Högni Gunnar Pétursson

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson